

Skólaráðsfundur 24.mars 2010 kl.16.00

Fundur settur kl.16.10

Mættir: Hreiðar, Jón, Arna Björk, Sólveig, Efemía og Jóhanna.

1. Þróunarstarfið, auka vægi leiðsagnarmatsins og námsmats, einstaklingsmiða námið og Mentor tækin notuð betur, markmiðasetningin 6-10 markmið pr.fag, þetta er byrjað á yngsta stigi í lestri, stærðfræði og sundi, síðan í ágúst verður haldið áfram og fleiri árgangar settir inn.
2. Útikennsla, setja upp stofur í Litla Skógi og á græna svæðið sem skólinn fékk úthlutað fyrir neðan Rituhöfðann, ma að skólavinir 1.og 6.bekkingar gróðusetji á vorin.
3. PALS, Hulda Karen stýrir jafningjafræðslu/námi, aðaláhersla 3. 6.og 7.bekking á lestri og ritun, allir leik-og grunnskólar í Mosfellsbæ í samstarfi, grunnskólar á Akranesi munu vera í samstarfi við Mosfellsbæ og síðan verður skipst á þekkingu milli sveitarfélaganna.
4. Skólastefnan, drög að heilstæðri skólastefnu lögð fyrir fundarmenn og ætlunin að fólk lesi yfir og skili inn athugasemdum fyrir 31.mars. 17.apríl stefnt að nýju skólapingi.
5. Foreldravikan, 13.-16.apríl verður opið hús í Lágafellsskóla, 12.apríl verður kynningarfundur um uppbyggingarstefnuna fyrir foreldra og árgangar ráða svolítið hvernig þeir vilja kynna stefnuna. Tölvu- og töskupóstur sendur á foreldra þar sem dagskráin er kynnt og foreldrar hvattir til að koma, fylgjast með og taka þátt.
6. Vorhátíð er áætluð í lok maí, stefnt að 1.-7.bekkingar verði með 5 mín sýningar seinnipart dagsins, eða kl.17.00-20.00.
7. Innritun í framhaldsskóla, Sölvi Sveinsson kynnti fyrir foreldrum í 10.bekk, breyting ekki valdir 4 skólar, heldur 2 skólar einn aðal og einn til vara, framhaldsskólar verða hverfissskólar og taka við nemendum frá sínum hverfum, 12.-16.apríl verður forval.

Fundi slitið kl.16.50

Næsti fundur 29.apríl